



ORKUSTOFNUN

**Verk 2-720.730. Austurlandsvirkjun.
Jarðfræðirannsóknir í ágúst 1992**

Freysteinn Sigurðsson

Greinargerð FS-92-08

**Verk 2-720.730 Austurlandsvirkjun
Jarðfræðirannsóknir í ágúst 1992.**

Verk 2-720.730. Austurlandsvirkjun er unnið í samræmi við samning Orkustofnunar og Landsvirkjunar frá 12. júní 1992. Áætlun um verkið er fylgiskjal með samningi þeim.

Framvindu verks til loka júlí er lýst í greinargerð Orkustofnunar FS-92/03. Í greinargerð Orkustofnunar SV-92/04 er gerð grein fyrir foldarvinnu starfsmanna Orkustofnunar við verk-ið í ágúst. Þar er einnig greint frá yfirliti um fyrstu niðurstöður úr þeirri vinnu, eins og þær lágu fyrir í lok foldarvinnunnar. Starfsmenn Orkustofnunar (Skúli Þórhilsson, Birgir Jónsson, Þórólfur H. Hafstað) voru á rannsóknarsvæðinu 9. - 19. ágúst, einn eða fleiri í senn. Verkfræðingar Landsvirkjunar, Verkfraðistofu Sigurðar Thoroddsen o.fl. voru á rannsóknarsvæðinu 13. og 14. ágúst og fóru um það í fylgd starfsmanna Orkustofnunar. Ákveðið var, að samráði téðra verkfræðinga og starfsmanna Orkustofnunar, að hverfa frá sýnatöku með vélgröfu að þessu sinni. Mælingamenn Landsvirkjunar fóru um svæðið 19. ágúst í fylgd Þórólfss. H. Hafstað.

Verk þetta hefur gengið nærrí áætlun, en þó með nokkrum frávikum. Úrvinnsla eldri gagna og umsjón verks í maí - júní varð um 180 t í stað áætlaðar 230 t. Þessi munur breyttist til hinnar hliðarinnar í júlí, en þá voru unnir um 660 t í stað 550 t. Munar þar mest um skjóta samningu greinargerða, en til hennar var varið meira en 70 t. Í júlílok var vinnutími kominn um 70 t fram úr áætlun. Enn hallaði á í águst, en þá voru unnir um 550 t í stað áætlaðra 470 t. Í ágústlok er unninn tími orðinn um 140 t umfram áætlun. Verk er að vísu lengra fram gengið í úrvinnslu, en ráð var fyrir gert.

Eftir er að ganga frá tveimur greinargerðum um verkið: Rannsókn við Dimmugljúfur, sem lokið verður fyrst, og rannsókn á Efra-Jökuldal. Skúli Þórhilsson mun sjá um þessar greinaergerðir báðar. Þá er eftir lokagreinargerð um verkið í heild. Í henni verða ekki endurteknar í neinum mæli þær upplýsingar, sem fyrirliggja í fyrri greinargerðum, heldur verður þar yfirlit um verkið, niðurstöður þess og framtíðarþarfir á frekari upplýsingum. Vonir standa til, að þau verk, sem eftir eru, vinnist nálægt því innan ramma áætlaðs tíma. Á er að líta, að nokkurt fé sparaðist, þegar hætt var við sýnatöku með vélgröfu. Það má þá nota, ef vill, til nánari úrvinnslu aflaðra gagna.